

REGLUGERÐ

um (17.) breytingu á reglugerð nr. 187/2015 um bragðefni og tiltekin
innihaldsefni matvæla sem hafa bragðgefandi eiginleika til notkunar í og á
matvæli.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist við einn nýr töluliður, 30. tölul., svohljóðandi:

30. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/441 frá 28. febrúar 2023 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu 2-hýdroxý-4-metoxýbensaldehyðs á skrá Sambandsins yfir bragðefni. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2023, frá 22. september 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 79, frá 2. nóvember 2023, bls. 429.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 4. desember 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilía Madeleine Heenen.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.